# Deiliskráning í Grindavík: Stóragerði



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2017
FS669-17261

*Forsíðumyndin er af bæjarhól Stórageröis GK-030:001. Horft er til austurs, á framhlið bæjarins. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

© 2017

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.fornleif.is

# Innihald

Samantekt ..... 5

1. Inngangur ..... 7

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf ..... 9

3. Aðferðir við fornleifaskráningu ..... 11

4. Fornleifaskrá ..... 13

   GK-028 Staður ..... 13

   GK-030 Stórageröi ..... 20

5. Niðurstöður ..... 29

Heimildir ..... 33

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93 ..... 34

Viðauki II: Minjakort ..... 35

FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS


# Samantekt

Haustið 2017 var gerð deiliskráning á 2 ha svæði í landi Grindavíkur þar sem fyrirhugað er að reisa hótel. Reiturinn er á mörkum jarðanna Stóragerðis GK-030 og Staðar GK-028, í svokölluðu Staðarhverfi. Hann nær yfir óraskað heimatún Stóragerðis auk gróins svæðis norðan þess sem nýtt var frá Stað og fleiri bæjum í hverfinu. Minjar á svæðinu voru skráðar árið 2002 þegar Grindavíkurbær lét aðalskrá þekktar minjar innan alls sveitarfélagsins en að þessu sinni var unnin svokölluð deiliskráning þar sem allar minjar voru mældar upp og deiliskráningarreitur þaulgenginn í leit að áður óþekktum minjum. Alls reyndust vera 25 minjar innan svæðisins, þar af höfðu sex verið skráðar áður.

FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS

# 1. Inngangur

Á haustdögum 2017 óskaði teiknistofan Gláma•Kím eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér fornleifaskráningu á deiliskipulagsreit innan sveitarfélagsins Grindavíkurbæjar, á svokölluðum Gerðistöngum. Úttektarsvæðið er 2 ha stórt og er hluti af hinu forna Staðarhverfi. Reiturinn nær yfir heimatún Stóragerðis og ræktað tún norðan þess. Það tún var nýtt af fleiri jörðum í hverfinu s.s. Stað, Löndum og Kvíadal. Ástæða þess að reiturinn var rannsakaður var sú að hugmyndir eru uppi um að reisa nokkur lítil hús auk þjónustubyggingar á svæðinu fyrir ferðamenn. Auk þess mun fylgja framkvæmdinni göngustígagerð auk annars jarðrasks og stefnt að því að minjar á svæðinu verði nýttar til kynningar á sögu svæðisins. Norskt fyrirtæki, Trysil Byggsystem, er í forsvari fyrir verkefninu.




*Skráningarsvæðið er sýnt með rauðum punkti.*

Árið 2002 fór fram aðalskráning fornleifa í Grindavík.[1] Áður en aðalskráning var gerð var haft upp á heimildamönnum um svæðið og því var ekki var talin þörf á því að gera það aftur fyrir þessa úttekt. Áður en þessi skráning var gerð var ljóst að a.m.k. sex minjastaðir væru

1 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, Þóra Pétursdóttir, 2002, 2004.

þekktir innan deiliskipulagsreitsins. Ljóst var að skrá þyrfti minjar innan deiliskipulagsreits eftir þeim kröfum sem nú eru gerðar til skráningar á slíkum svæðum. Í þeim felst m.a. að gengið sé kerfisbundið um deiliskipulagsreit í leit að áður óþekktum minjum og allar sjáanlegar minjar mældar upp.[2] Árið 2002 voru skráðar sex minjar á þessu svæði en við vettvangsvinnu bættust við 19 minjaeiningar. Samtals eru því 25 fornleifar á svæðinu og falla þær innan merkja tveggja jarða.

Vettvangskönnun var gerð í byrjun nóvember en þá var gengið skipulega um allt svæðið í leit að áður óþekktum fornleifum auk þess sem þekktar minjar voru kannaðar aftur og mældar upp. Um vettvangsskráningu sáu þær Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir en Þóra Pétursdóttir vann aðalskráningu árið 2002. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skársetjurum Fornleifastofnunar en loftmyndirnar í skýrslunni koma frá verkaupa.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafli þar sem skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kafli 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kaflanum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá og kort sem sýna staðsetningu minja á skráningarsvæðinu.

2 Sjá t.d.16. og 22. grein Laga um menningarminjar.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Við deiliskráningu sem gerð er í tengslum við deiliskipulög koma oft áður óþekktar minjar í ljós. Að auki geta minjar sem sjást ekki eða illa á yfirborði komið í ljóst við framkvæmdir. Fornleifar eru þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask. Ef slíkar minjar koma í ljós, eða ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

## 3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-409:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvaða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93). Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar




*Dæmi um skráningu á minjastað.*

minjar hafi fundist, er engu að síðu tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvaða hann á grundvelli fyrir liggjandi upplýsinga með um 50 m fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðis. Það skýrir þá staðreynd að númeraröðin er slitrótt enda upplýsingar ekki birtar um minjar sem eru utan deiliskipulagsreits.

# 4. Fornleifaskrá

## GK-028 Staður

Kirkjustaður. 37,3 hdr. 1847. Skálholtskirkjujörð. 1657 voru 7 hjáleigur: Krókshjáleiga, Beinróa og Brykrukka, Hús Ólafs Sighvatssonar, Hús Daða Símonarsonar, Vestur-Hjáleiga og ein ónafngreind auk einnar ónafngreindrar í eyði. Saga Grindavíkur I, 104. 1703 voru Sjávarhús, Krókur og Beinrófa hjáleigur, Bergskot 1803. Staður var prestsetur til 1928 en fór í eyði 1964 og þar með Staðarhverfi. Ö-Staður, 4; GB, 49-50. "Til forna átti Staður rétt til vatnssóknar í Baðstofu í Húsatóftalandi. Til endurgjalds áttu Húsatóftir þangfjörutak á Stað.» GB, 39. Á tuttugustu öld byggðust eftirfarandi tómthús í landi Staðar: Merki (1908-43), Lönd (1911-46), og Melstaður (1936-50).

c. 1200: STAÐUR Í GRINDAVÍK (G) -Maríu, Jóni post, Stefáni, Ólafi, Blasíu, Þorláki, Katrínu. Kirknaskrá Páls, DI XII, 9.

1367: lxx. Kirkia ad stad j grindavijk er vijd med gude sælle mariu Jone postula. þad ber allt samann vid wilchinzbok. bæde vm reka og annad. vtann hier stendr suo. Kirkia a reka fra Biargsenda og til gardzenda er geingur fyrir vestann arfadalinn. Jtem stendur hier suo. skalhollttzstadr a helming j hualreka ollum vid stad j grindavijk ef meira er en iiij vætter. millum Rangagiogurs og valagnupa annad ber samann. vtann vilchinzbok helldur nockut meira. Hítardalsbók, DI III, 221-222.

1397: a halftt heimaland oc halftt annad mælisland ad Hvsatopttum og mork vadmäla af Jarngierdarstodum. alldri skal minna gialldast þott sa hafi eingi fie er þar byr. giallda skal oc alla kirkiutiund þott hann giori meiri oc aller heimamenn. Þadann skal oc eigi giallda legkaup vnder heimamenn. gialldi þo presti legsaungskaup. [+á grasnautnar hvalreka, reka og viðreka] Þar skal vera heimilisprestur. sa er kirkiu vardveiter. skal abyrgiast hana ad aullu oc allt kirkiufie Kirkia ä Skogfell. giallda skal til Skalholltz vjc skreidar hvert är oc flytia til Hialla. Hun a fiordung j Lonlandi. og skal sa hafa leigu af þeim sem kirkiu vardveiter slijka sem settist vid þann er þar byr. Skalhollt a helming j hvalreka ollum vid stad j Grindavik ef meire er enn iiij vætter millum Rangagiogurs oc Valagnvpa. Þar eiga fleiri j. enn þad verdur attungur skipttingarhvals er hlytst j þessu takmarke j Skalhollti. og þvi eiga Staderner fiordung vr aullum hval. vmm framm aa kirkian or Grindavijk settung vr Hvsatoptta hlut aukist ij kyr oc iij ær. ij hvs. iij hundrad. Jtem gefist sidan sira Ormur tok med einn hestr. portio vm iij ar xvij aurar; Máldagi Staðrkirkju, DI IV, 101-102.

1477: Grindavijk. Kirkian ad stad j grinndavijk er vijgd med gude oc sælle gudz modur märie. jone postula. stephano. olauo. Blacio biskupe. Thorlacho Biskupe oc heilagre katrijnu meyiu fiorum nottum eptir allra heilagra messo. hun a allt heima lannd oc halft annars mælis lannd ad husatoptum oc mork vadmala. af jarngerdartodum. aldreij skal minna gialldst þott sä hafi einngin fee sem þar byr. giallda skal oc alla kirkiutijunnd þott hann giore meire oc allir heimamenn. þadan skal oc ej giallda lægkaup vnndir heimamenn. giallde þo preste legsaungskaup. hun ä ä grasnautnnar hualreka fiorar vættir oc settunng vr þeim hluta er husatoptum fylgir. enn sa hualreke er frä valagnupum til biarnnargiär. enn ef hualur er meire enn iiij vætter þa skal skipt j helmijnnga oc skal hafa stadur j grinndavijk oc jarngerdarstader oc husatoptir helmijnng. þar skal vera heimilisprestur sa er kirkiu vardveitir [oc] skal abyrgiast hana oc allt kirkiufee.kirkia a reka fra gardzbiargz ennda oc til gardz ennda er geingur fyrir vestann arfuadale. hälfur vidreke j mille biarnnargiär oc marks ä arfadalznese. halfur vidreke ä oddbiarnnarkelldu. kirkia a skogfell. hun a iiij kyr. xij ær. iiij saude veturgamla. nockrer hluter jnnann gätta feelitlir et cetera giallda skal til skalhollts .vj. hunndrud skreidar huert är oc flytia til hialla. hun a fiordung j lonalannde oc skal sa hafa leigu af þeim sem kirkiu vardveitir slijka sem hann sættist a vid þann er þar byr. skalhollt a helmijnng I hualreka ollum vid stad j grinndavijk. ef meire er enn iiij vætter millum rangagiogurs [oc valagnupa]. Máldagi Staðarkirkju, DI VI, 125-26. [Þjsks Bps A II, 1, bl. 122a-b].

1491-1518: Stadar maldagi j grindavik. Kirkian aa stad j grindavik er vigd med gude: sælli marie og johanne postula. steffano. olafe konge. blasio biskupi. thorlake biskupe. heilagre mey katrine: iiij nottvm eptir allra heilagra messo. hun aa allt heimaland: og hvn aa allt halft annad mælisland at husaþottum. og mork vadmala ath jarngerdarstodvm. alldri skal minna gialldazt þott sa hafi eigi fie er þar byr: giallda skal og alla kirkiv tivnd þott hann giore meire og allir heimamenn. þadan skal og giallda legkaup undir heimamenn. giallda þo presti liksaungskaup. hvn aa grasnautnar hvalreka iiij vættir og siettung vr þeim hlvta er hvsaþottvm fylgir. en sa hvalreki er fra valagnvpvm og til biarnargiar. ef hvalvr er meire en iiij

vættir: þa skal skipta j helminga: og skal hafa grindavik og jarngerdarstodvm og hvsaþottir helming. þar skal vera heimilisprestur sa er kirkiu vardveitir: skal hann äbyrgiazt hana at ollv og alltt kirkiv fie: kirkia aa reka firir biarksenda og til gardsenda er gengvr firir vestan arfadali: halfur vidreki aa millvm biarnargiar og markz aa arfadalsnesi. halfur vidreki a oddbiarnarkielldu. kirkia a skogfell: hvn a vj kyr og hesta ij: vj c j busbuhlutum: med skipi: hvn a fiordvng j lonalandi og skal hafa af þeim sem kirkiv vardveitir sliktt sem hann verdvr vid þann asattvr er þar byr.skalholtz stadvr aa hellming j hvalreka ollvm vid stad j grindavik ef meire er enn iiij vættir aa millvm rangagiogvrs og valagnvpa þar eigv flerie j: En þad verdur attungur skiptingar hvals. er hlytzt j þessv takmarki j skallhollt. og þvi eiga staderner fiordung vr ollvm hval. og vm fram kirkian j grindavik siettung vr hvsaþotta hlvta. Máldagi Staðarkirkju, DI VII, 48-49 [AM 238 4to, bl. 28 (Bessastaðabók skr. c. 1570); JS 143 4to, bl. 19-20, 149-50 skr. 1696 - þessi máld er samstofna Vilchin og sennilega eldri útg. ef eitthvað er - stofninn án efa frá 13. öld sbr. ábyrgðarákv og orðalag eins og 'búsbúhlutir'].

1553-54: Máldagi Staðarkirkju, DI XII, 663-664.

1575: Máldagi Staðarkirkju, DI XV, 640.

16.2.1907: Selvogsþing lögð niður og Krýsuvíkursókn lögð til Staðar í Grindavík. PP, 95 [lög].

16.11.1907: Kirkjuvogssókn lögð til Staðar. PP, 12 [lög].

1909: Staðarkirkja flutt í Járngerðarstaðahverfi. PP, 102.

29.10.1929: Krýsuvíkurkirkja lögð niður og sóknin lögð til Grindavíkurkirkju. PP, 95 [stjórnarráðsbréf].

1840: Á Stað eru mikið slétt og í gróanda yfrið fögur tún; eru þau undirorpin afarmiklu sandfoki af öllum vindum frá útnorðri til landsuðurs, við hvað þau árlega skemmast og til þurrðar ganga. Við aldamótin voru af þeim vel fóðraðar 4 kýr, en nú á dögum gefa þau ekki af sér fóður fyrir 1 kú, þó vel í ári láti, og verður því að afla þess, á vantar, kjarna úr fjöru og lyngi úr heiði. Af sjóar ágangi er túninu líka mikill skaði búinn af sunnanveðrum og brimi. Bera þau enn að sönnu menjar eftir mikla flóðið 1798, og munu þó aðrar enn yngri vera. ... Fáir eru kostir við jörð þessa, nema ef telja skal trjáreka, að hverjum eru þó mikil áraskipti, og allgóða fjárgöngu á vetrardag í fjörunni. En þess fleiri mætti telja hennar ókosti, t.d. í áföllum af feykilegu sandfoki, sem og líka sjóargangi í stórflóðum. Aldeilis engin hagabiet á sumardag, hvorki fyrir sauðfé, kýr né hesta, hverjir við minnstu brúkun horast niður af hagaleysi, en búsmali allur þá í sel rekinn, að eigi tapist hér heima né verði mönnum ónýtur fyrir fóðurleysi eða gangi á túnunm manna. Vatnsskortur er hér líka mikill, og eigi vatn að fá handa fénaði nema út undir Staðarbergi í gjá, sem fellur að og út í ..." sóknarlýsing, Landnám Ingólfs III, 134.

21.1.1925: "gekk sjórinn langt upp á Staðartún, flæddi næstum upp að kirkjugarði, braut stórt skarð í malarkambinn og gróf sig þar niður í mold "svo túnið er nú með öllu varnarlaust fyrir hverju venjulegu stórstraumsflóði." " GB, 49.

**GK-028:046** tóft rétt A 327100 N 373284

Árið 2002 var réttinni lýst svo: „Um 400 m suðaustur af bæ 001 [Stað], nyrst í Gerðistöngum, er tóft af fjárrétt. […] Tóftin er [...] , grjóthlaðin, bogadregin og opin til norðurs. Líklega hefur grjót verið fjarlægt úr norðurhluta hennar. Hleðslur eru signar og hæð þeirra mest um 0,5 m en umför allt að þrjú. Tóftin er einföld." Litlu er við þessa lýsingu að bæta og ástand réttarinnar er svipað 15 árum síðar. Ómar Smári Ármannsson kallar hana Landarétt á uppdrætti sínum af Staðarhverfi sem m.a. er birtur á heimaíðu Ferlis. Það bendir til þess að hjáleigan Lönd GK-028:047 hafi nýtt þetta svæði en það þarfnast frekari staðfestingar.


Réttin er í grónu en grýttu túni. Jarðvegur er þunnur og svæðið nýtt til beitar.

Réttin er á grónum hól og ekki er ólíklegt að frekari mannvistarlög séu hér undir. Hóllinn er hæstur að sunnan, þar er hann 0,5 m á hæð en fjarar út til annarra átta. Hóllinn er lítið stærri en réttin að



*Rétt GK-028:046, horft til suðurs.*


umfangi. Réttin var mæld upp árið 2017. Hún er 10 x 6 m að stærð og snýr norður - suður. Veggirnir eru 0,5-1 m á hæð. Ekki sér til hólfa innan í réttinni en henni var raskað til norðurs og mögulegt að grjót hafi verið fjarlægt innan úr henni líka. Norðurhluti eystri-langhliðar sést sem gróinn hryggur í túninu.
**Hættumat: stór**hætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** http://www.ferlir.is/?id=7190



*Teikning af rétt GK-028:046.*

**GK-028:051** kantur hlutverk óþekkt A 327072 N 373154
Hlaðinn kantur og veggjabrot eru rúmum 120 m sunnan við rétt 046 og rúmum 30 m suðvestan við tóft 052. Minjarnar eru skammt norðvestan við heimatún Stóragerðis GK-030 en ekki er ljóst hverskonar mannvirki þetta er, frá hvaða tíma eða hvaða bæ það tilheyrði. Ekki er ólíklegt að þetta séu útihús eða mannvirki tengd sjósókn líkt og flestar aðrar minjar á svæðinu. Fyrir vestan minjarnar er sjávarkambur en ekki var hlaðinn varnargarður þarna á smá kafla þegar hann var gerður undir lok síðustu aldar.



*Minjar GK-028:051, horft til norðurs.*




Þústin líkist grænni eyju á grýttri urð. Sjór hefur gengið hér yfir og valdið miklu tjóni.
Þústin er gróin, snýr norður-suður og er tígullaga. Hún er 11 x 8,5 m að stærð, 0,2 - 0,3 m á hæð og ofan á henni er grjót sem sjór hefur kastað yfir. Til austurs í þústinni glittir í kant og hluta af vegg. Í kantinum eru 1-2 umför af grjóthleðslu sem er 0,2 m á hæð. Hann er 5 m að lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Fyrir austan kantinn sést óljóst veggjabrot, það er 3,5 m að lengd og nánast útflatt. Það má búast við því að enn frekari mannvistarlög séu undir sverði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-028:052** tóft hlutverk óþekkt
A 327090 N 373195
Tóft er skammt norðvestan við heimatún Stóragerðis GK-030, um 30 m sunnan við tóft 053. Þvergarður úr garðlagi GK-030:005 liggur þvert yfir hana. Ekki er ljóst hver nýtti tóftina eða hvert hlutverk hennar var, en líklega er þetta útihús af einhverju tagi. Vírgirðing liggur fast sunnan við tóftina en hún er fallin niður að mestu.
Tóftin er á grýttu, flötu svæði. Sjór hefur kastað grjóti yfir


*Tóft GK-028:052, hoft til norðurs.*




svæðið til vesturs en að austan er grasivaxið svæði sem nýtt er til beitar. Gróðurþekja er þunn á svæðinu.
Tóftin er 10 x 10 m að stærð, einföld og opin til norðvesturs. Veggirnir eru 0,3 - 0,5 m á hæð, 2 - 3,5 m á breidd og eru grjóthlaðnir. Það er gróið yfir hleðslur að mestu en hér og þar glittir í hleðslusteina. Tóftin er sigin og veggir útflattir, hún líkist einna helst grónu hólbarði úr fjarlægð.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-028:053** tóft+garðlag hlutverk óþekkt A 327079 N 373229




*Tóft GK-028:053a, horft til austurs.*

Hlaðinn húsgrunnur og óljósar hleðslur eru á grýttu svæði um 30 m norðan við tóft 052, vegslóði liggur á milli þessara minjastaða. Þarna er mikið af grjóti og ljóst að sjórinn hefur raskað miklu á yfirborði en hann gekk þarna yfir til vesturs áður en varnargarðar voru hlaðnir. Ekki er ljóst hver tilgangur þessara mannvirkja er eða hver nýtti þau, en mögulega eru wþetta fiskihús og herslugarðar.
Svæðið er flatt, þar er mikil grjótdreif og víða hægt að greina beinar línur. Það er ekki ólíklegt að fleiri mannvirki gætu hafa verið á svæðinu en horfið vegna ágangs sjávar sem kastaði grjóti yfir svæðið.
Minjarnar eru á svæði sem er 17 x 15 m að stærð og snýr austur - vestur. Á því er tóft og óljóst garðlag sem fá bókstaf til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft A er austust og er hlaðinn grunnur. Hún er 7 x 5 m að stærð, einföld og snýr austur - vestur. Það má sjá eitt umfar af grjóthleðslu í veggjum en þeir eru 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það er stoðarhola utan við suðausturhorn tóftarinnar og ljóst að einhverskonar timburgrind var í mannvirkinu. Ekki er ólíklegt að þarna hafi hjallur en það þarfnast staðfestingar. Tóftin er gróin og flöt að innan, op er í



*Garðlag GK-028:053b, horft til suðvesturs.*




suðvesturhorni. Til suðurs frá tóftinni er óljóst hólf. Það er hægt að rekja eitt umfar af grjóti og autt, gróið svæði innan þess. Hólfið er um 6 x 6 m að stærð en ekkert er hægt að segja um tilgang þess. Þarna má greina langhlið og hluta af tveimur skammhliðum og ljóst að vesturhluti


minjanna er horfinn. Þetta gæti hafa verið herslugarður, rétt eða nátthagi. Garðlag B er vestan við tóft A. Garðlagið er á svæði 14 x 8 m að stærð. Það er 0,5 m á breidd, 0,2 m á hæð og er grjóthlaðið. Það má sjá eitt umfar af grjóthleðslu í því. Garðlagið liggur til vesturs frá tóft A á 4,5 m löngum kafla. Það greinist síðan í tvennt, annar hlutinn heldur áfram til VNV en hinn hlutinn liggur í sveig til suðurs. Suðausturhluti garðlagsins er umfangsmestur, þar er hægt að greina hleðslur eða undirstöður veggjar. Þetta eru afar óljósar minjar og sjór gekk hér yfir áður en varnargarður var gerður á seinni hluta 20. aldar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-028:054** tóft útihús A 327103 N 373299

Útihús frá fyrri hluta 20. aldar er 2 m norðaustan við rétt 046 og 13 m sunnan við brunn 056. Ómar Smári Ármannsson kallar þetta salthús á örnefnauppdrætti sínum af Staðarhverfi. Nú stendur einungis eftir sökkull húsanna en líklega voru þau nýtt frá bændum á Stað. Húsin eru líklega reist á milli 1930-50, sambærilegar minjar er að finna annars staðar á Reykjanesi frá þeim tíma.
Gróið, slétt tún er umhverfis. Það er nýtt til beitar en gróðurþekja er þunn.



*Tóft GK-028:054, horft til austurs.*




Tóftin er 7,5 x 6 m að stærð, snýr austur - vestur og skiptist í tvö hólf. Syðra hólfið er steypt en engu að síður er grjóthleðsla þar efst í veggjum. Það er 5,7 x 2,3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Nyrðra hólfið er grjóthlaðið, þar sjást 1-2 umför af grjóti í veggjum. Sökkullinn er niðurgrafinn og er 0,1 - 0,2 m á dýpt. Það er 5,6 x 2,4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, Hvergi sést op á yfirborði eða annað sem gefur frekari upplýsingar um stærð og gerð tóftarinnar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** http://www.ferlir.is/?id=7190

**GK-028:055** garðlag vörslugarður A 327123 N 373279

Garðlag, mögulega túngarður, er 10 m sunnan við garðlag 060 og garðlag GK-030:005 liggur yfir vesturendann. Garðlagið er sigið og sést sem gróinn hryggur í túninu. Rusl hefur verið brennt suðvestan við það og þar er lág eða niðurgröftur. Mögulega var sambyggt hólf á túngarðinum eða hola einfaldlega grafin til að brenna ruslið ofan í. Hlutverk garðlagsins er óþekkt, mögulega var það hluti af túngarði umhverfis einhverja af hjáleigum Staðar eða umhverfis rétt 046. Garðlagið fjarar út til beggja enda í túninu.
Gróið, slétt tún. Það er nýtt til beitar en gróðurþekja er þunn.
Garðlagið er 4 - 5 m á breidd, 0,5 m á hæð og snýr



*Garðlag GK-028:055, horft til vesturs.*

norðaustur - suðvestur. Það er 80 m langt. Að vestan kemur það í ljós skammt norðaustan við tóft 053, liggur áfram til austurs og sveigir svo í boga til norðvestan áður en það hverfur. Garðlagið er algróið og áfok hefur án efa aukið umfang þess. Það er ójafnt að ofan á köflum og víða eru lautir og ójöfnur ofan á því sem og í hliðum.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-028:056** hleðsla brunnur A 327101 N 373319



*Brunnur GK-028:056, horft til norðausturs.*

Hlaðinn brunnur er 13 m fyrir norðan útihús 054. Palletta er yfir opi hans en hylur það ekki að fullu. Hvorki er ljóst hversu gamall brunnurinn er né frá hvaða bæ hann var nýttur.
Brunnurinn er í sléttu grónu túni. Það er nýtt til beitar en gróðurþekja er þunn.
Brunnopið er um 2 m í þvermál og meðfram því mótar óljóst fyrir hlöðnum kanti. Hann er 1 m á breidd, 0,1 á hæð og algróinn. Mögulega var hús eða þak yfir brunninum eða grjóthleðsla. Það er hægt að sjá ofan í brunninn, hann er um 1 m á djúpur og hægt að greina á milli 6 - 7 umför af grjóthleðslu. Brunnurinn er þurr en ofan í honum er drasl.
**Hættumat**: stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-028:057** mannvirki A 327116 N 373357



*Saltker GK-028:057, horft til austurs.*

Saltker, líklega frá Stað, er 60 m austan við þúst 058, vestan við Staðarvör 017. Kerið er líklega frá því um eða eftir miðja 20. öld og telst því ekki til fornleifa samkvæmt lögum og er líklega samtíða húsi 054. Það fær að fljóta hér með vegna sögulegs mikilvægis útgerðar á svæðinu sem og búsetusögu. Á loftmynd í minjagátt Minjastofnunar Íslands sjást steyptir veggir af húsi sem var þarna skammt norðar en er horfið. Það var ekki skráð en líklega var það fiskhús. Þarna austar eru nokkrar lendingar, Staðarvör 017, Litla-Vör og Skökk 038 auk lendingar 059. Það er ljóst að umtalsverð umsvif tengd útgerð eru þarna rétt utan úttektarsvæðis. Ekki er ólíklegt að fleiri minjar hafi verið á þessu svæði þau nú horfin af yfirborði. Ómar Smári Ármannsson sýnir kerið á örnefnauppdrætti sínum af Staðarhverfi.
Fiskikerið er í grónu túni, fast vestan við sjóvarnargarð sem þarna er.
Fiskikerið er 0,5 m á hæð, 3,5 x 1,5 m að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Það er steinsteypt og skiptist í tvö hólf. Eystra hólfið er raskað, norðausturhorn þess er horfið. Veggirnir eru 0,2 m á breidd en standa vel. Vestara hólfið er fullt af rusli. Í norðurvegg sést steypt renna, mögulega eftir stoð.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** http://www.ferlir.is/?id=7190

**GK-028:058** þúst óþekkt hlutverk A 327056 N 373338

Þúst er á hól um 45 m norðvestan við brunn 056. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki var á hólnum en greinilegt er að mannvist er þar undir sverði. Þarna gæti hafa verið sundmerki eða varða sé tekið mið af lagi þústarinnar.
Gróið tún sem nýtt er til beitar.
Þústin er uppi á grónum hraunhól. Hóllinn er 7,5 x 5 m að stærð, 0,4 m á hæð og snýr norðaustur - suðvestur. Þústin er hringlaga, 3 m í þvermál, 0,3 m á hæð og algróin. Hún er flöt að ofan og neðsti hluti

hennar sker sig frá hólnum sjálfum vegna lögunar sinnar. Það glittir í eitt umfar af hleðslu ofarlega í þústinni allri.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Þúst GK-058:058, horft til suðausturs,*

**GK-028:059** mannvirki lending A 327170 N 373337
Óþekkt lending sést sunnan við Staðarklöpp, 50 m vestan við saltker 057. Vörin er sunnan við Staðarklöpp, á milli hennar og Stóruklappar að sunnan en fjaran sjálf er sendin. Lendingin er á milli kletta og skerja, hlið er á sjóvarnargarðinum þar sem komið var í land. Ekki er ljóst hversu gömul lendingin er, líklega er ekki mjög langt síðan hún var notuð. Lendingin er rétt utan úttektarsvæðisins en sýnir engu að síður að þetta svæði hefur verið athafnasvæði til fiskveiða lengi. Ómar Smári Ármannsson kallar þetta svæði Kasalón á örnefnauppdrætti sínum.
**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots
**Heimildir:** http://www.ferlir.is/?id=7190




*Lending GK-028:059, horft til austurs.*

**GK-028:060** garðlag hlutverk óþekkt A 327101 N 373269
Fyrir sunnan rétt 046 er grjóthlaðið, L-laga garðlag. Það er á milli réttarinnar til norðurs og garðlags 055 að sunnan. Umfang garðlagsins er ekki mikið og líklegt að það hafi verið hlaðið undir girðingu, líkt og garðlag GK-030:005.
Gróin tún nýtt til beitar eru þarna. Gróðurþekja er þunn á þessu svæði.
Garðlagið er grjóthlaðið og sést glitta í eitt umfar af hleðslu í því. Það er gróið yfir hana á köflum en ekki virðast hafa verið fleiri umför í því og ekkert grjóthrun sést við það. Sem fyrr segir er garðlagið L-laga, snýr norður - suður og líklegt að vesturhluti þess sé horfinn. Það er 14 x 11 m að stærð, 1 m á breidd og 0,2 m á hæð.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## GK-030 Stóragerði

Í skráningunni frá 2002 segir: „Hjáleiga frá Stað. Getið er um mann fæddan í Stóragerði 1745 en búskapar þar er fyrst getið 1786 og var búið þar til 1919.“ Ekki er ljóst hvaðan þessar heimildir eru komnar en líklegast er að þær komi frá heimildamönnum er rætt var við árið 2002.




*Teikning byggð á túnakorti frá 1918*

1840: “Stóragerði, í landsuður frá Stað, fram á Gerðistöngum.” SSGK, 134. Þar segir jafnframt að Litlagerði hét hjáleiga sem braut í Básendaveðrinu 1799 en 1851 er aftur byggð hjáleiga með því nafni og var þar búið til 1914.

„Stóragerði var í „landsuður frá Stað, fram á Gerðistöngum.“ Hefur þess verið getið til, að nafn hjáleigunnar hafi upphaflega verið Staðargerði, en síðan breytt í Stóragerði, er hjáleigan Litlagerði var byggð lítið eitt vestan á töngunum. […] Bærinn byggðist ekki aftur […], og var því sögu hjáleigunnar lokið um fardaga árið 1918.“ Saga Grindavíkur 1800-1974, 41-42.

„Enginn veit nú, hvar Beinróa eða bæir þeirra Ólafs og Daða stóðu, en hugsanlegt er, að tveir þeir síðarnefndu hafi verið hjáleigurnar, sem síðar voru nefndar Blómsturvellir og Stóragerði.“ Saga Grindavíkur 1800-1974, 104

**GK-030:001** *Stóragerði* bæjarhóll býli A 327186 N 373152


“Enn sjást bæjarrústir Stóragerðis vel og bera glöggan vott um híbýli þar og húsaskipan [...] Heim að þessum fornu, grónu rústum liggja fagurlega hlaðnar traðir [sjá 009] í mjúkum boga. Fram af bænum hefur verið traustlega hlaðinn kálgarður [sjá 006]. Á bæjartóftunum sést að þetta hefur verið reisulegur bær og rúmgóður. Steinlímdir kampar baðstofunnar standa að nokkru leyti enn og bera þögult en greinilegt vitni um mannlíf fortíðarinnar á þessum bæ [...].” segir í Staðhverfingabók eftir Gísla Brynjólfsson. “Staðargerði eða Stóragerði stóð niður á svonefndum Gerðistöngum, u.þ.b. 250 m suður frá Löndum [GK-028:047]. Venjulega var það bara nefnt Gerði,” segir í örnefnalýsingu. Á heimasíðu Ferlis segir: „Stóra-Gerði er dæmi um grindvíska bæ í Staðarhverfi. Vel má enn sjá húsaskipan, fallega heimtröðina, brunninn og garðana í kring.“ Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918, því sem næst í miðju túninu. Þá eru níu hús á bæjarhólnum auk þriggja annarra útihúsa í túninu [sjá 002, 007 og 008]. Tóftir Stóragerðis eru enn varðveittar um 550 m suðaustur af Stað GK-028:001, yst á Gerðistöngum. Heimatúnið er óraskað og ekki hafa orðið miklar breytingar þarna nema af völdum sjávar og gerð sjóvarnargarðs á svæðinu seint á síðustu öld.

Norðan við bæinn eru gróin tún inn til landsins en skammt sunnan hans tekur við stórgrýttur sjávarkampur. Bæjarhóllinn er 30 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftir síðasta bæjarins ná yfir stærstan hluta



*Bæjarhóll 001, horft til austurs.*

hólsins og ekki eru greinileg ummerki um uppsöfnuð mannvistarlög undir honum. Þau sjást þó á smá kafla norðaustan við bæinn, þar sést bæjarhóllinn og er um 0,3 m á hæð og gróinn. Bæjartóftin er 27 x 17 m að stærð, snýr norður - suður og skiptist í níu hólf/hús auk gangs. Op eru fjögur til vesturs (hólf 1-5) og þar voru stafnar bæjarins. Eins og segir hér ofar þá stendur einn dyrakarmurinn ennþá uppi (sjá hólf 3), þar var baðstofan. Tvö hólf eru opin til austurs (hólf 6-7) og eitt til suðurs (hólf 8). Hólf 9 er norðarlega inni í tóftinni, austan við hólf 4-5. Hleðsluhæð í hólfunum er mest um 1,3 m og umför grjóts allt að átta. Veggirnir eru grjóthlaðnir og víða er tekið að hrynja úr þeim. Þetta eru engu að síður heillegar minjar og mjög sjónrænar. Hér neðar er nákvæmari lýsing á hólfunum. Hólf 1 er syðst og er raskað til suðurs. Það er 4,1 x 2 m að innanmáli en helmingur þess er horfinn, það sést á túnakorti frá 1918. Stafnar þess snéru til vesturs. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 6,1 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til vesturs, þar var þil. Á túnakorti frá 1918 sést að þarna voru fleiri hólf en þau eru horfin. Hólf 3 er norðan við hólf 2 og var baðstofa. Steinlímdir karmar bæjardyranna standa enn að hluta. Hólfið er 5,5 x 2,5 m að innanmáli. Hólf 4 er norðan við hólf 3. Það er 4,3 x 1,7 m að innanmáli og opið til




vesturs. Hólf 5 er nyrst í bæjarröðinni. Það er 4,1 x 1,9 m að innanmáli og veggirnir hafa hrunið hér að hluta. Hólf 9 er austan við hólf 4-5, inni í tóftinni. Það er 5 x 1,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið inn í hólfið í suðausturhorni, innan úr hólfi 6. Til austurs í bæjartóftinni eru tvö hólf opin. Hólf 6 er norðar. Það er 4 x 1,8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í suðvesturhorni þess er op inn í gang sem liggur yfir í hólf 9. Hann er 3 m langur. Hólf 7 er sunnar. Það er 4,7 x 2,1 m að innanmáli og op er í suðausturhorni. Gangur liggur til suðvesturs, yfir í hólf 2. Gangurinn er 6 m langur og bogadreginn. Hólf 8 er sunnan í bæjartóftinni. Það er 6,4 x 2,8 m að innanmáli og opið til suðurs. Op er á því til norðvesturs, yfir í hólf 2.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** SSGK, 134; Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; GB, 68-71; Saga Grindavíkur II, 40-42.

**GK-030:002** tóft útihús A 327210 N 373220



*Útihús GK-030:002, horft til austurs.*

Árið 2002 er útihúsinu lýst svo: „Á túnakorti frá 1918 er útihús austast í Stóragerðistúni. Um 500 m suðaustur af bæjarstæði á Stað GK-028:001,við sjávarkampinn austast í Gerðistöngum er útihúsatóft.“ Útihústóftin er enn greinileg, rúma 50 m norðaustan við bæ 001. Hún er byggð ofan á túngarð 012, hann sést koma undan útihúsinu til beggja átta.
Tóftin er í grónu en ósléttu túni, austan við hana er stórgrýttur sjávarkampur.
Tóftin er um 12 x 6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Tóftin er grjóthlaðin, hleðslur eru signar og er hæð þeirra mest um 0,8 m en umför grjóts allt að fimm. Vel má vera að hólfin hafi verið fleiri því mikið af grjóti hefur hrunið inn í tóftina. Hólf 1 er vestar. Það er 2,9 x 2,1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er op á miðri suðurhlið og það var undir þaki en hið eystra, hólf 2, var líklega rétt eða gerði. Það er 3,5 x 3,5 m að stærð en mikið hrun er inni í því. Op er óljóst en var líklega til norðvesturs. Á túnakortinu eru tvö hólf í útihúsinu og greinilegt að ekki hafa orðið miklar breytingar á þessu mannvirki síðan þá.




**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots
**Heimildir:** Túnakort 1918


**GK-030:003** *Litlagerði* þúst býli A 327136 N 373100


í Sýslu- og sóknarlýsingum Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 1840 segir: „Í [Básendaflóðinu 1799] braut sjórinn líka Litlagerði; var það á töngunum fyrir vestan Stóragerði, sem við það byggðist; þar, sem Litlagerðishúsin stóðu, er nú hár og stórgrýttur malarkampur.“ „Engar öruggar heimildir hafa fundist um byggð í Litlagerði á fyrri öldum, og á 19. öld er mannvistar ekki getið þar fyrr en árið 1851. Af sóknarlýsingu séra Geirs Bachmann virðist þó mega ráða, að einhver búseta hafi verið í Litlagerði fyrir 1840, því klerkur staðsetur bæinn „á töngunum fyrir vestan Stóragerði“ og segir, að um 1840 sé „hár og stórgrýttur malarkampur“, þar sem Litlagerðishúsin hafa áður staðið. Er sennilegast, að þarna hafi áður staðið tómthús eða þurrabúð, ef til vill aðeins um skamma hríð. […] Þau bjuggu í Litlagerði til ársins 1914 […] Litlagerði byggðist ekki aftur.“ segir í seinna bindi af sögu Grindavíkur.. “Litlagerði var u.þ.b. 70-100 m í vestur frá Staðargerði, þar í túnjaðrinum.” segir í örnefnalýsingu. Á ljósmynd í Staðhverfingabók sjást tóftirnar í Litlagerði vel og ljóst að þær hafa látið mikið á sjá, þar eru hlaðnir veggir og skýrar tóftir en nú eru þarna aðeins veggjarbrot. Á túnakorti frá 1918 er sýndur bær með þremur stöfnum til austurs, kálgarður vestan þeirra og líklega útihús fast til austurs. Þar stendur jafnframt:

„Flúið af sjógangi.» Tóftir Litlagerðis eru um 80 m VSV af tóftum Stóragerðis 001, alveg í sjávarkampinum. Það má leiða líkur að því að þetta séu tóftir bæjarins sem byggðist 1851, eldri bærinn er að öllum líkindum kominn í sjó og ekki vitað var hann var.

Bæði sunnan og vestan við tóftarbrotið er stórgrýttur sjávarkampur en norðan við það hins vegar gróin tún inn til lands.

Aðeins er lítið tóftarbrot eftir af býlinu en sjórinn hefur eyðilagt aðrar minjar. Minjarnar eru á svæði sem er 14 x 10 m að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Þar eru tvær tóftir eða þústir og í lýsingu þessari er hvorri þeirra gefin bókstafur til aðgreiningar. Þúst A er sunnar. Hún er 10 x 5,5 m á lengd og snýr austur - vestur. Það mótar fyrir dæld inn í þústina að vestan en ekki er hægt að segja til um nánara hlutverk hennar. Þústin er grjóthlaðinn og um 0,5 m há. Til norðurs eru 2-3 umför af grjóthleðslu sjáanleg en til annarra átta glittir hér og þar í grjót. Norðan við þúst A er fallin grjóthleðsla B en einnig er mikið af grjóti fast sunnan hennar. Hleðsla B er mun minni umfangs en þúst A, er 9 x 3 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekki er ljóst hver tilgangur þessa veggjar var, mögulega hluti bæjarhúsinum sem þarna voru samkvæmt túnakortinu. Þetta er líklega ytri langhlið þeirra. Það má sjá 2 - 3 umför grjóthleðslu norðan í henni og virðast hleðslurnar sveigja til norðurs. Sjórinn gengur alveg upp að tóftunum sunnanverðum á flóði. Í rofi 2-3 m vestan við tóftirnar, á grónu svæði sem liggur alveg að þeim sjást mannvistarlög 014 í rofi og hefur sjór brotið þar af. Þarna glittir m.a. í bein, bæði dýra- og fiskibein, leirker og mannvistarlög í sniði. Þarna var líklega öskuhaugur bæjarins.



*Litlagerði GK-030:003, horft til austurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** SSGK, 134; Ö-Staður, 4; Túnakort 1918; Saga Grindavíkur II, 45.

**GK-030:004** hleðsla brunnur
A 327182 N 373174

Brunnur er rúmum 4 m norðan við bæ 001, í gróinni hvilft. Hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1918 en líklega var hann í notkun þá líkt og aðar minjar á svæðinu. Þarna var vatn yfir þegar skrásetjarar voru á ferð 2017.

Brunnurinn er á svæði sem er merkt Bringur á uppdrætti Ómars Smára Ármannsonar af Staðarhverfi. Þetta er hæð norðan við bæjarhólinn, brunnurinn er í laut þar á milli. Þarna er gróið tún og búið að safna saman nokkuð af rusli og braki.

Árið 2002 var brunninum lýst svo: „Brunnurinn er um 1,5 x 1 m að stærð og tæplega 1 m á dýpt. Hann er grjóthlaðinn að innan en hleðslur eru signar og



*Það mótar fyrir brunni GK-030:004 í vatninu, fyrir miðri mynd. Horft er til suðurs, að bænum.*

mikið hrunið úr þeim.“
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** http://www.ferlir.is/?id=7190

**GK-030:005** garðlag vörslugarður A 327153 N 373147



*Garðlag GK-030:005, horft til norðurs.*

Garðlag er fyrir norðan og vestan bæ 001. Í Fornleifskráningu frá 2002 segir um garðlagið: „Við norðurenda traða [sjá 009] að Stóragerði 001 eru leifar túngarðs sem liggur austur - vestur. Að vestan er hleðslan um 12 m löng en sveigir þá til norðurs um 100 m.“ Það er ljóst að þetta garðlag er mun umfangsmeira en áður var talið en ekki mjög fornt. Það er líklega hlaðið undir girðingu sem hefur verið færð til austurs og tekin niður að mestu. Það er ljóst að þetta er ekki gamall túngarður og ekki víst að hann teljist til fornleifa samkvæmt 100 ára reglu laga en hann fær að njóta vafans og því tekin með á fornleifaskrá.
Garðlagið liggur í grónu en ósléttu og grýttu túni.
Þetta garðlag er hægt að rekja frá suðvesturhorni kálgarðs 006, til norðvesturs að túngarði 011. Á þessum kafla liggur hleðslan yfir túngarð 010. Hleðslan kemur aftur í ljós 15 m norðvestar og þar er gróið yfir hana, hún sést þar sem grænn hryggur að vírgirðingu sunnan við tóft GK-028:052. Við tóftina klofnar hún, hún heldur áfram til norðvesturs en annar hluti beygir til vesturs, upp á tóft 052 og hverfur síðan. Hleðslan liggur yfir túngarð 055 og sveigir til austurs þar sem vírgirðing er. Þar liggur hleðslan að tóft 028:054 þar sem hún endar en hún kemur aftur í ljós austar og sveigir til suðausturs og fjarar út. Allt þetta svæði er 170 x 100 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslurnar eru fallnar að mestu leyti og aðeins eitt umfar af grjóti eftir. Garðlagið er 0,1- 0,3 m á hæð og 0,5 m á breidd. Það er slitrótt á köflum, sérstaklega þar sem það liggur að túngarði 011, innan túns og uppi á tóft 052.
**Hættumat**: stórhætta, vegna ábúðar

**GK-030:006** hleðsla kálgarður A 327174 N 373145




*Kálgarður GK-030:006, horft til norðvesturs. Teikning af honum er með bæ 001.*

Fast vestan við bæ 001 er grjóthlaðinn kálgarður. Hann er sýndur á túnakorti frá 1918, einungis bæjarhlaðið var á milli þeirra. Á túnakortinu sést að fjögur op voru á honum að austan, mögulega eru það ummerki um skiptingu innan hans.
Norðan við kálgarðinn eru gróin tún inn til landsins en skammt sunnan hans tekur við stórgrýttur sjávarkampur.
Kálgarðurinn er um 22 x 13 m að stærð, einfaldur og snýr norður-suður. Hann er opinn til vesturs á einum stað og til austurs á einum stað. Suðurhlið hans er horfin og ljóst að þar hefur rask átt sér stað. Veggirnir eru 1,5 - 2 m á breidd, 0,5 - 1 m á hæð og grjóthlaðnir. Það má sjá 4 - 6 umför af grjóti í þeim. Að innan er kálgarðurinn sléttur og grýttur.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-030:007** tóft útihús A 327201 N 373150
Útihús er merkt um 5 m austan við bæ 001 inn á túnakort frá 1918. Tóftir þess eru enn greinilegar en mikið rask er sunnan þess í túninu. Þar er slétt grjótdreif og svæðinu var raskað á yfirborði þegar sjóvarnargarður var gerður undir lok síðustu aldar. Ágangur sjávar hafði eflaust sitt að segja líka.

Fyrir norðan útihúsið er grýtt tún, inn á milli eru gróin svæði. Fyrir sunnan þar er einungis grjót.
Tóftin er 7,5 x 4 m að stærð, einföld og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er niðurgrafin. Ekki er ljóst hvort þak var á henni en það er líklegt. Tóftin er 0,2 - 0,3 m djúp að innan en ekki er hægt að segja til um hversu mörg umför af grjóti eru í veggjum, það er búið að fylla hana að grjóti eða veggir og þak hrundu hér inn. Það sést glitta í 1-2 umför að innan. Að utan eru veggirnir 0,1 - 0,2 m á hæð til norðausturs. Þeir eru illgreinanlegir á yfirborði til annarra átta. Tóftin er röskuð til suðausturs en ekki er hægt að greina op á yfirborði.



*Teiknign af útihúsi GK-030:0007*


*Útihús GK-030:007, horft til suðvesturs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-030:008** heimild útihús A 327174 N 373134
Útihús er merkt 9 m suðvestan við bæ 001 og fast sunnan við kálgarð 006 á túnakorti frá 1918. Engin ummerki sjást lengur um húsið á yfirborði en svæðinu sunnan við kálgarðinn hefur verið raskað sem og minjum þar.
Fyrir sunnan kálgarð 006 er gróið svæði. Það er grýtt en ekki er hægt að greina mannvist þar á yfirborði. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**Gk-030:009** hleðsla traðir A 327161 N 373168
Traðir eru sýndar á túnakorti frá 1918 og lágu þær að bænum að norðvestan. Traðirnar sjást enn og liggja til suðausturs frá túngarði 011 og eru þar innan heimatúnsins. Þær liggja í gegnum túngarð 010 sem myndar veglegan hrygg norðan við bæinn. Síðan eru þær á fremur flatlendu svæði að bænum. Allt umhverfis er gróið tún nýtt til beitar.
Traðirnar eru 36 m langar og grjóthlaðnir veggir eru að austan og vestan. Þær eru 3 m breiðar og algrónar í botninn. Ekki er ljóst hvort að þær voru hellulagðar eða ekki af þeim sökum. Veggirnir standa enn og eru grónir. Það sést þó glitta í 3 umför grjóthleðslu í þeim. Þeir eru 0,2 m á hæð að utan og grónir, að innan eru þeir 0,4 - 0,5 m á hæð. Veggirnir eru 1 - 1,5 m á breidd.


*Traðir GK-030:009, horft til suðurs.*

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-030:010** garðlag túngarður A 327164 N 373134



*Túngarður GK-030:010, horft til ANA.*

Eldri túngarður sést innan heimatúns Stóragerðis líkt og það er afmarkað á túnakorti frá 1918. Hann er um 15 m sunnan við túngarð 011 og 30 m norðan við bæ 001. Hann afmarkaði að öllum líkindum heimatúnið til allra átta en hann er horfinn til suðurs, líklega vegna ágangs sjávar og framkvæmda við gerð sjóvarnargarðs á seinni hluta 20. aldar. Hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1918. Það er greinilegt að þessi túngarður er eldri en túngarður 011, bæði er hann mun umfangsmeiri en túngarður 011 og minjar hafa verið byggðar ofan á honum.

Túngarðurinn myndar veglegan hrygg í heimatúninu og sést mjög vel. Allt umhverfis hann eru gróin tún sem nýtt eru til beitar.

Túngarðurinn er 150 m að lengd og liggur í sveig fyrir norðan bæinn. Hann myndar sem fyrr segir gróinn, áberandi hrygg innan heimatúnsins og um umfangsmikið mannvirki er að ræða. Áfok og hrun úr túngarðinum hefur eflaust aukið umfang hans mikið. Hann er algróinn, 0,3 - 0,8 m á hæð og 3 - 5 m á breidd. Hleðsla 005 liggur yfir vesturhluta hans, traðir 009 fara í gegnum hann og útihús 002 er byggt ofan í túngarðinn. Hann er horfinn til suðurs, líklega vegna ágangs sjávar og gerð sjóvarnargarðs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**GK-030:011** garðlag túngarður A 327151 N 373222



*Túngarður GK-030:011a, horft til austurs.*

Nyrst við traðir 009 eru leifar grjóthlaðins túngarðs til vesturs og austurs. Þetta er yngri túngarður og er hann sýndur afmarka allt heimatúnið á túnakorti frá 1918. Það er greinilegt að heimatúnið var stækkað umtalsvert á einhverjum tímapunkti fyrir 1918 en ekki er ljóst hvenær. Ekki er ljóst hvort að heimatún Litlagerðis 003 var sameiginlegt heimatúni Stóragerðis en þar er ekki sýndur túngarður. Túngarðurinn er horfinn til allra átta nema norðurs. Sambyggðir kálgarðar voru sunnan og norðan við túngarðinn, þeir nyrðri sjást enn og óljósar hleðslur tilheyrandi þeim. Í lýsingunni hér neðar minjunum lýst eftir einingum og þeim gefin bókstafur til aðgreiningar.



*Kálgarðar GK-030:011b, horft til austurs.*

Gróið tún. Það er grýtt og ágangur sjávar hefur leikið það grátt á köflum.

Túngarður a er 130 m að lengd, snýr norðaustur – suðvestur og er varðveittur fyrir norðan bæ 001. Hann liggur til austurs og vesturs frá tröðum 009 en aðrar hliðar hans eru horfnar. Hann er grjóthlaðinn og á köflum er ekki hægt að greina innri brún hans, aðeins kant utanvert við túnið. Þar er líklega jarðvegur alveg upp að honum að sunnan, innan túns. Hann er 2 - 3 m á breidd, 0,2 - 0,4 m á hæð og gróinn á köflum. Túngarðurinn hverfur skömmu áður en komið er að varnargarði við sjóinn til beggja enda. Norðausturhluti

túngarðsins sést sem kantur, þar norðan við sjást ummerki um kálgarða 02 sem sýndir eru á túnakortinu. Suðvestan við traðirnar er túngarðurinn lægri og þar má sjá grjóthleðslur. Hann er horfinn á smá kafla en auðvelt er að rekja hann alla leið. Hann sveigir til suðurs og hverfur í grjótdreif og sjórinn hefur sléttað hann út þar.
Kálgarðar b eru norðaustan við túngarð a. Þeir sjást sem kantar/niðurgröftur og greinilegt að jarðvegur var tekin innan úr þeim, það er búið að plægja jarðveginn innan þeirra. Kantarnir eru 0,1 – 0,2 m á hæð. Þarna eru ummerki um tvo kálgarða, á svæði sem er 40 x 7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Útihús c var sambyggt túngarðinum í norðausturhorni en er horfið. Það var byggt utan í túngarðinn og mögulega var þetta naust. Sjóvarnargarður er þarna yfir nú og engin mannvist sjáanleg.
Kálgarðar d voru norðvestan við heimatúnið en ummerki um þá eru afar óljós. Þar sjást á tveimur stöðum óljósar L-laga hleðslur en kálgarðarnir eru ekki sýndir á túnakorti frá 1918. Það er um óljós horn/kant að ræða í báðum tilvikum.
Kálgarðar e voru suðaustan við túngarðinn og líklega útihús á milli þeirra. Þarna er nú sjóvarnargarður og ekki að sjá neina mannvist á yfirborði.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda
**Heimildir:** Túnakort 1918

**GK-030:012** þúst útihús A 327141 N 373131

Þúst er 40 m suðvestan við bæ 001 og 20 m norðan við Litlagerði 003. Sé tekið mið af staðsetningu hennar er um útihús að ræða frá öðrum hvorum bænum.
Þústin er norðvestarlega á grónum hrygg. Allt umhverfis hann er grýtt svæði og sjór hefur gengið hér á land.
Þústin er 7,3 x 6 m að stærð og snýr austur - vestur. Hún er algróin, flöt að ofan og það mótar fyrir laut í henni, mögulega hólfi. Hún er 0,2 - 0,3 m á hæð og lag hennar bendir til þess að mannvist sé enn undir sverði á þessum stað.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Þúst GK-030:012, horft til austurs.*

**GK-030:013** öskuhaugur A 327164 N 373127

Fyrir sunnan túngarð 010, rúmum 20 m suðvestan við bæ 001 er aska og fleiri mannvistarlög norðaustarlega rofi. Sjór gekk yfir svæðið áður en varnargarður var reistur og tók stykki úr túninu. Þarna er rofabarð og sést askan í því. Neðan við það fannst gripur, það virðist vera unninn vikursteinn, mögulega flotholt.
Sjávarrofið myndar grjótvik sem er 0,2 - 0,5 m djúpt. Það er dýpst að sunnan, þar er rofið í eystri bakkanum. Rofið er 0,5 m hátt, þar sjást mannvistarlög og mold. Askan sést þar en ekki var hægt að áætla umfang hennar, það þarf að gera með ítarlegri rannsóknum. Þarna sáust brennd bein og vikursteinninn lá þarna neðan við. Skrásetjarar reyndu eftir fremsta magni að hreinsa sniðið og töldu líklegast að ummerkin væru um öskuhaug. Hann er rétt utan eldri túngarðs 010, en innan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1918. Askan sást á 40 m cm löngum kafla.
**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



*Öskulag GK-030:013 sést hér í miðju rofinu.*

**GK-030:014** öskuhaugur A 327122 N 373099



*Hér sjást mannvistarleifarnar rétt neðan við gras-rótina. Það glittir m.a. í leirker og bein á myndinni.*

Fiskibein, leirker og fleiri mannvistarlög sjást í rofi vestan við Litlagerði 003. Þar hefur sjór rofið gróðurþekju og mannvistarlög blasa við þar. Þetta var líklega innan túngarðs 011 eða rétt utan hans, þarna var kálgarður vestan við Litlagerði 003. Mannvistarlögin eru 80 m suðvestan við bæ 001 og 10 m vestan við Litlagerði.

Til suðurs er grýtt svæði sem er raskað af sjó. Til norðurs er gróið svæði, líklega það síðasta sem tilheyrði Litlagerði 003, það er grýtt tún norðan þess. Það er ekki varnargarður við sjóinn á þessum slóðum, klappir í fjörunni verja svæðið að einhverju leiti en ekki er ólíklegt að sjór gangi yfir svæðið í stórviðrum. Rofið er 13 m að lengd og snýr VNV-ASA. Gripir og bein sjást fyrir því miðju, á 5 m löngum kafla. Rofið er 0,3 m á hæð og þarna er mikil mold í jarðveginum. Frekari rannsóknir þarf til þess að staðfesta umfang þessa öskuhaugs sem líklega tilheyrði Litlagerði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

## 5. Niðurstöður

Deiliskipulagssvæðið sem tekið var út í nóvember 2017 er skammt vestan þéttbýlisins í Grindavík, í svokölluðu Staðarhverfi. Eitt af því sem helst einkenndi gerð og þróun byggðar í Grindavík allt fram á síðustu öld var skipting hennar í þrjú hverfi: Staðarhverfi, Járngerðarstaðahverfi og Þórkötlustaðahverfi. Ekki er vitað hvenær þessi skipting komst á eða aldur hverfanna en margt bendir til þess að rekja megi skiptinguna allt aftur undir landnámsöld. Þetta voru þrír hreppshlutar og milli þeirra voru engin lögákveðin hverfamörk.[3] Staðarhverfi var fjölmennast þessara hverfa en þar er nú allt í eyði og hefur landnýting þar mikið breyst á síðustu áratugum, m.a. er þar golfvöllur, fiskeldi og annar iðnaður.

Staðarhverfi dregur nafn sitt af bænum Stað sem er fornt höfuðbýli. Elstu heimildir um Stað eru eru frá því um 1200 og byggð virðist hafa komist á snemma.[4] Staðarkirkja var flutt undir lok 19. aldar í Járngerðastaðahverfi en ennþá er greftrað á Stað, kirkjugarðurinn er skammt norðvestan við úttektarsvæðið. Árið 1657 voru sjö þekktar hjáleigur við Stað en ekki er ljóst hvar sumar þeirra voru staðsettar. Árið 1703 eru hjáleigurnar þrjár og greinilegt að breytingar hafa átt sér stað á svæðinu.[5] Stóragerði er ein af hjáleigum Staðar, hennar er fyrst getið í heimildum á 18. öld. Í skráningarskýrslu sem gerð var 2002 segir: „Garðar [Stóragerði] voru hjáleiga frá Stað. Getið er um mann fæddan í Stóragerði 1745, en búskapar þar er fyrst getið 1786 og var búið þar til 1919.“[6] Ekki er ljóst hvaðan þessar heimildir koma en þeirra er ekki getið í byggðasögu Grindavíkur. Það eru uppi hugmyndir um að byggð í Stóragerði sé eldri og þetta sé ein af hjáleigunum sem getið er um 1657.[7] Litlagerði er hjáleiga Stóragerðis sem braut í Básendaveðrinu 1799 en byggist upp aftur 50 árum seinna. Ekki er ljóst hvort að eldri og yngri bær voru á sama stað en það verður að teljast fremur ólíklegt, eldri bærinn er líklega kominn í sjó. En það er ljóst að þá þegar á 18. öld var komin hjáleiga frá Stóragerði sem bendir enn frekar til þess að byggðin þarna sé eldri en ritheimildir gefa til kynna.

Skráningarsvæðið afmarkaðist af heimatúni Stóragerðis og gróins túns norðan þess. Á túnakorti Staðarhverfis stendur um það svæði: „Flatir (rýrar með sjó-grjóti).“ Alls voru skráðir 25 minjastaðir innan deiliskipulagsreitsins, 14 staðir tilheyrðu Stóragerði en 11 minjar Stað/Staðarhverfi. Ummerki um alla minjastaðina eru greinileg að frátöldum einum stað, útihús 008 í Stóragerði. Það verður að teljast afar góð varðveisla. Allar minjarnar töldust í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en auk þess ógnar sjávarrof sumum minjastaðanna að auki. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega steðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er ekki talið fullvíst

3 Jón Þ. Þór. 1996, 81-82.

4 Kirknaskrá Páls; DI XII, 9.

5 Nánar upplýsingar um býlin eru í skýrslunni FS184-02152 2. Áfangi, Staðhvefingabók og sögu Grindavíkur.

6 Þóra Pétursdóttir. 2002. 60

7 Jón Þ. Þór. 1996, 104.

að staðurinn verði fyrir raski og hættan hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfirstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta.

Minjadreifing hvergi eins þétt og í heimatúnum gamalla bæja og voru skepnuhús því algengustu byggingar á flestum bæjum. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Flest slík hús voru fyrir sauðfé en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa. Þetta sést vel í Stóragerði, þar eru minjastaðirnir þétt saman en heimatúnið hefur sloppið við túnasléttun.

Varðveisla bæjanna innan deiliskipulagsreit er ólík. Tóftir Stóragerðis 030:001 eru óraskaðar og enn hægt að sjá skipulag, byggingarlag og umfang bæjarins. Það mótar fyrir bæjarhól til austurs en ljóst að bærinn náði yfir nánast allann hólinn. Tóftir Litlagerðis 030:003 eru hins vegar illa varðveittar þar sem sjór braut stóran hluta af minjunum áður en varnargarður var gerður á svæðinu. Á ljósmynd af bænum sem birtist í Staðhverfingabók og var líklega tekin um miðja síðustu öld[8] sjást enn uppistandandi veggir.

Öskuhaugar beggja bæjanna (030:013 og 014) eru varðveittir en sjást ekki á yfirborði. Þeir fundust við vettvangsvinnu og sjást í sitthvoru rofinu, innan heimatúnsins. Öskuhaugur 030:013 er skammt sunnan við túngarð 010 og tilheyrði líklega Stóragerði. Þar gekk sjór yfir heimatúnið og gróf í burtu hluta þess. Sunnarlega í eystri bakkanum eru öskulög og unninn vikursteinn lá þar fyrir neðan, mögulega flotholt. Ekki er hægt að áætla umfang öskuhaugsins án frekari rannsókna. Öskuhaugur 030:014 er vestan við Litlagerði, þar fundust bæði dýra- og fiskibein, leirker og fleiri minjar á a.m.k. 5 m löngum kafla.

Af túnakortinu að dæma hefur tún Stóragerðis um 1918 verið talsvert stærra er áður, um það ber túngarður 010 vitni, hann er innan marka þess. Hann sést sem gróinn hryggur og norðurhlutinn ennþá varðveittur. Útihús 002 er byggt ofan á túngarðinum en ekki er ljóst hvort að traðir 009 voru grafnar í gegn, það gæti allt eins hafa verið op þar. Umfang þessa túngarðs er mikið og hann setur sterkan svip á minjaheildina. Túngarður 011 er yngri og er sá garður sem sýndur er á túnakortinu frá 1918. Umfang hans er minna og greinilegt að túnið var stækkað til norðurs á einhverjum tímapunkti. Við hann voru kálgarðar til suðurs og norðurs, þeir sjást enn að hluta. Gerð sjóvarnargarðs raskaði báðum túngörðunum og minjum sambyggðum þeim en

8 Gísli Brynjólfsson, 72

um leið stuðlaði það að varðveislu þeirra minja sem eftir voru á svæðinu. Fyrir norðan heimatún Stórgerðis er garðlag 028:055, á svæði sem var nýtt af Staðarhverfinu. Á túnakortinu frá 1918 er svæðið sagt rýrt með sjógrjóti. Ekki er ljóst hvert hlutverk þessa garðlags hefur verið en það gæti verið túngarður eða vörslugarður. Þegar túnakortið er gert 1918 eru heimatún bæjanna í Staðarhverfi ekki samtengd þrátt fyrir að stutt sé á milli þeirra. Það þarf ekki að hafa verið svo áður og vel gæti verið að garðlagið hafi verið túngarður umhverfis bæ eða útihús. Á heimasíðu Ferlis segir t.d.: „Við Staðarbæina voru miklir, háir og breiðir steingarðar. Þeir voru flestir fluttir á brott með vörubifreiðum þegar höfnin í Járngerðarstaðarhverfi var byggð.“ Það er ljóst að töluvert að grjóti var flutt af svæðinu við umræddar framkvæmdir en lítið er vitað um eðli minjanna sem þá var raskað.

Tóftir tveggja útihúsa, 030:002 og 030:007 eru enn við Stóragerði. Þau eru ólík, annað er einfalt og niðurgrafið meðan hitt er byggt ofan á túngarði 010 og skiptist í 2 hólf. Útihús 030:007 var mögulega tengt sjósókn en útihús 030:002 fyrir skepnur. Eitt útihúsið, 030:008, er horfið, það var fast sunnan við kálgarð 030:006, þar er eina jarðraskið innan heimatúnsins. Þúst 030:012 er innan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1918 og líklegast er að þar hafi útihús verið áður. Fleiri minjar eru innan deiliskipulagsreits, s.s. brunnar, garðlög og þústir sem og yngri minjar sem ákveðið var að skrá þó svo að sumar þeirra falli ekki undir skilgreiningu laganna á fornleifum Það er ljóst að mikill fjöldi minja er innan deiliskipulagsreits. Minjarnar eru einna þéttastar innan heimatúns Stóragerðis eins og við var að búast. Minjarnar þar eru líka flestar vel varðveittar og sjónrænar. Norðan við heimatúnið voru skráðir 11 minjastaðir en þeir dreifast á stærra svæði. Þar eru minjar sem líklega eru fornar, líkt og rétt 028:045 og túngarður 055. Einnig eru þarna minjar frá fyrri hluta 20. aldar sem tengjast útgerð og fiskivinnslu. En lendingar og varir Staðarhverfis voru skammt austan við úttektarsvæðið.

Ljóst er að svæðið í heild hefur að geyma athyglisvert menningarlandslag og gæta þarf að minjum við hönnun mannvirkja á svæðinu og að hönnunin sé gerð í nánu samstarfi við Minjastofnun Íslands sem setur skilyrði um hvort og með hvaða skilyrðum megi byggja á svæðinu. Það er rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu að fyllstu varúðar ber að gæta þar eru þekktar minjar en lítil sem engin ummerki sjást á yfirborði. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að engin ummerki sjáist um minjar á yfirborði leynast oft talsverðar mannvistarleifar undir sverði. Þetta er orsökin fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði. Það má því minna það að ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum stöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra

Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

# Heimildir

**DI:** *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn.* I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grindavík. 1. áfangi. FS192-02151*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

**GB**: Gísli Brynjólfsson. 1975. *Mannfólk mikilla sæva. Staðhverfingabók*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

**JÁM II**: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1918-1921. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

**JJ:** Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*. 1847, Kaupmannahöfn.

Jón Þ. Þór. 1994. *Saga Grindavíkur frá landnámi til 1800.* I. Reykjavík: Grindavíkurbær.

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. 1996. *Saga Grindavíkur 1800-1974.* II. Reykjavík: Grindavíkurbær.

**PP:** *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 1950. Eftir Hannes Þorsteinsson. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
*Saga Grindavíkur*. 2017. Grindavíkurbær. Sótt 20.11.2017. Slóðin er: http://www.grindavik.is/menningsaga

**SSGK:** *Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu*. 193739. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík.

*Staðarhverfi-Kóngshella-Stóra-Gerði-Staður-Refagildra á Básum*. Ferlir. Skoðað 20.11.2017. Slóðin er: http://www.ferlir.is/?id=4115

*Staðarhverfi, sögu- og örnefnaskilti*. Ferlir. Skoðað 20.11.2017. Slóðin er: http://www.ferlir.is/?id=7190

Þóra Pétursdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grindavík. 2. áfangi. FS184-02152*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Þóra Pétursdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Grindavík. 3 áfangi. FS244-02153*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Lög um Menningarminjar. Skoðað 27.11.2017. Slóðin er:
http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html

Óútgefnar heimildir

Túnakort 1918: Túnakort fyrir Grindavíkurhrepp frá 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Staður. Óþekktur höfundur. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Heimildamaður:


Ólafur Gamalíelsson f. 1935


## Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

| Samtala | A | N |
|---|---|---|
| GK-028:046 | 327100.098 | 373284.251 |
| GK-028:051 | 327072.693 | 373154.730 |
| GK-028:052 | 327090.456 | 373195.582 |
| GK-028:053 | 327079.857 | 373229.257 |
| GK-028:054 | 327103.808 | 373299.630 |
| GK-028:055 | 327123.253 | 373279.435 |
| GK-028:056 | 327101.484 | 373319.350 |
| GK-028:057 | 327116.141 | 373357.710 |
| GK-028:058 | 327056.966 | 373338.994 |
| GK-028:059 | 327170.510 | 373337.285 |
| GK-028:060 | 327101.395 | 373269.364 |
| GK-030:001 | 327186.246 | 373152.406 |
| GK-030:002 | 327210.978 | 373220.441 |
| GK-030:003 | 327136.391 | 373100.017 |
| GK-030:004 | 327182.437 | 373174.319 |
| GK-30:005a | 327153.840 | 373147.832 |
| GK-030:006 | 327174.605 | 373145.870 |
| GK-030:007 | 327201.881 | 373150.538 |
| GK-030:008 | 327174.865 | 373134.748 |
| GK-030:009 | 327161.596 | 373168.423 |
| GK-030:010 | 327164.291 | 373134.356 |
| GK-030:011a | 327142.792 | 373192.546 |
| GK-030:011b | 327151.045 | 373222.215 |
| GK-030:011c | 327185.85 | 373241.60 |
| GK-030:011d | 327108.65 | 373154.72 |
| GK-030:011e | 327238.40 | 373162.42 |
| GK-030:012 | 327141.322 | 373131.541 |
| GK-030:013 | 327164.632 | 373127.181 |
| GK-030:014 | 327122.011 | 373099.976 |

## Viðauki II: Minjakort


Kort 1:
Yfirlit
N
028:057
028:058
028:059
028:056
028:054
028:046
028:055
028:060
030:011c
028:053
030:011b
030:002
028:052
030:011a
030:004
030:009
030:011e
028:051
030:011d
030:001
030:007
030:005a
030:006
030:010
030:008
030:012
030:013
030:014
030:003
Skýringar
Óljósar hleðslur
Minjastaðir
Garðlög
Steypa
Tóftir
0
25
50
75
100 m


Kort 2:
Stóragerði GK-030
N
Skýringar
Óljósar hleðslur
Minjastaðir
Garðlög
Steypa
Tóftir
028:053
028:052
030:011c
030:011b
030:002
030:011a
030:004
030:009
030:011e
030:011d
030:001
030:007
030:005a
030:006
030:010
030:008
030:012
030:013
030:014
030:003
0
10
20
30
40 m




Kort 3. Túnakort frá 1918 ásamt uppmældum minjastöðum innan þess.


Kort 4. Minjar í Staðarhverfi
N
Skýringar
Óljósar hleðslur
Minjastaðir
Garðlög
Steypa
Tóftir
028:057
028:058
028:05
028:056
028:054
028:046
028:055
028:060
028:053
030:011b
028:052
030:011a
030:009
028:051
030:011d
0
10
20
30
40 m